

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2017

2019/EES/11/16

frá 5. maí 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1337/2013 frá 13. desember 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 að því er varðar tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað fyrir nýtt, kælt og fryst kjöt af svínunum, sauðfé, geitum og alifuglum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/63/ESB frá 15. maí 2014 um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/110/EB varðandi hunang ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við á eftir 86. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011):

„86a. **32013 R 1337**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1337/2013 frá 13. desember 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 að því er varðar tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað fyrir nýtt, kælt og fryst kjöt af svínunum, sauðfé, geitum og alifuglum (Stjtið. ESB L 335, 14.12.2013, bls. 19).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 54zo (tilskipun ráðsins 2001/110/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32014 L 0063**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/63/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 1337/2013 og tilskipunar 2014/63/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 335, 14.12.2013, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.